



## Viðar hálfþekjandi

### Vörunr. 2425

#### Lýsing

Viðar hálfþekjandi (2425) er hálfþekjandi alkýð/olíu viðarmálning sem er afar þægileg í vinnslu og slettist lítið. Málningin hefur mjög góða smýgni- og vætieginnleika, ásamt því að mynda afar vatnsfráhrindandi og hálfgljáandi filmu. Hún hentar því íslenskum aðstæðum sérstaklega vel. Viðar hálfþekjandi dregur fram viðarmynstrið og ver viðinn gegn niðurbrotsáhrifum útfjólublárra geisla. Viðarmálningin inniheldur efni til varnar sveppa- og gróðurmyndun.

#### Notkun

Viðar hálfþekjandi (2425) er ætlað til að verja og lita glugga, viðarklæðningar, þakkanta, girðingar o.þ.h. utanhúss. Hentar einnig til að fríska upp á áður málaða fleti með hálfþekjandi viðarvörn.

#### Tæknilegar upplýsingar

<b>Litir:</b> Glært auk litakerfis	<b>Þurrefni:</b> 33 % (rúmmál)
<b>Gljástig:</b> Matt	<b>Þynnir:</b> Terpentína
<b>Pakkningar:</b> 1, 4 og (10) lítra	<b>Áhaldahreinsir:</b> Terpentína eða Penslasápa
<b>Eðlisþyngd:</b> 0,87 kg/l	<b>Þurrktími:</b> 12-24 klst
<b>Efnisnotkun:</b> 4-6 m <sup>2</sup> /l (óheflaður viður)	<b>Yfirmálun:</b> Lágmark: 24 klst
9-11 m <sup>2</sup> /l (heflaður viður)	Hámark: Ekkert

#### Undirmálun

Viðar grunnvörn (2415) og Viðar grunnmálning (2420).

#### Áhöld

Mjúkur pensill.

## Vinnutilhögun

### Nýmálun

Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Viðarkvoðu skal skrapa burt og þrifa með terpentínu. Gróður og myglu skal þrifa burt með Ute Mögeltvätt (6205). Þar sem vatnsálag er mikið, t.d. á endatré og samskeyti, er nauðsynlegt að metta vel með Viðari grunnvörn (2415). Mjög sjúgandi fleti skal grunna með glærum **Viðari hálfþekjandi** (2425), þynntu 10 % með terpentínu, til að tryggja jafna áferð við lokamálun. Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með lituðum **Viðari hálfþekjandi** (2425). Málið fjöl fyrir fjöl til að fá jafna og fallega áferð. Hafi fyrri umferð gefið þann lit sem óskað er, skal sú seinni vera glær því liturinn dökknar við hverja umferð.

### Endurmálun


Við málun á áður máluðum flötum er nauðsynlegt að fjarlægja allt laust og sprungið yfirborð, ásamt öllum óhreinindum sem gætu spillt viðloðun. Gróður og myglu skal þrifa burt með Ute Mögeltvätt (6205). Beran við sem vatn mæðir mikið á skal metta með Viðari grunnvörn (2415). Yfirborðið er síðan málað með 1-2 umferðum af lituðum **Viðari hálfþekjandi** (2425).

### Athugasemdir

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Sé um að ræða mjög illa farinn við er ráðlegt að skipta yfir í Viðar þekjandi (2430) eða grunnmála með Viðari grunnmálningu (2415) og mála síðan með Hjörva.
- Viður skal vera vel þurr áður en málað er með **Viðari hálfþekjandi** (2425).
- Litur dökknar við hverja umferð sem máluð er. Ef menn vilja lýsa upp lit getur borgað sig að mála eina umferð með gulum **Viðari hálfþekjandi** og mála síðan yfir með þeim lit sem óskað er.

### Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.